

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arctic Sea Farm hf. Arnarfjörður



| | | | |
|---------------------|---------------------|-------------------------|----------------------------|
| Dags eftirlits | 25.9.2024 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| Fyrirtæki | Arctic Sea Farm hf. | Eftirlitsmaður | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| Heimili | Aðalstræti 20 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 700807-0450 | Flokkur | Fiskeldi |
| Fulltrúi fyrirtækis | Guðmundur Ólafsson | ÍSAT nr. | |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Níu frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit er varða tilkynningar um útsetningu seiða, að vöktunarskýrslum var ekki skilað fyrir útsetningu seiða, að áætlun um meðhöndlun úrgangs vantar, að gögnum var ekki skilað innan tímamarka og að vöktunaráætlun hefur ekki verið uppfærð skv. ábendingum í fyrra eftirliti. Ein ábending var sett fram um að útreikningar á losun fosfórs þurfa að fylgja með í ársyfirliti.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða fiskeldisstöð Arctic Sea Farm, Arnarfirði sem hefur leyfi fyrir eldi á laxfiskum í sjókvíum á tveimur eldissvæðum, Lækjarbót og Hvestudal. Heimilt er að ala allt að 4.000t lífmassa í stöðinni á hverjum tíma, í kynslóðaskiptu eldi. Starfsleyfið gildir til 17. mars 2038.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfið og stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Eftirlitsmælingar, skráningar og gagnaskil
- Áætlanir og viðbrögð – uppfærslur áætlana, trygginga o.fl.
- Umgengni og aðkoma lóðar og kvía
- Geymsla, förgun og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð
- Önnur mál

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit, árið 2022 en tvær ábendingar voru settar fram er varða að áætlun um meðhöndlun úrgangs vantar og að uppfæra þurfi vöktunaráætlun m.t.t. þeirra eldissvæða sem heimiluð eru í starfsleyfi. Ekki hefur verið brugðist við ábendingunum og eru því sett frávik þar um.

Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það útfyllt miðað við núverandi stöðu, að eftirliti loknu.

Fyrstu seiðin fóru út í Hvestudal í júlí 2022. Tilkynnt var um útsetningu seiðanna tímanlega en hins vegar bárust skýrslur vegna grunnsýnatöku ekki fyrir en í september 2022, tveimur mánuðum eftir að fiskur hafði verið settur út í kvíar. Fram kemur í gr. 3.2 í starfsleyfi að upplýsingar um vöktun eldissvæðanna þurfi að liggja fyrir, að lágmarki tveimur vikum fyrir útsetningu. Frávik er því sett þar um.

Enginn fiskur er á svæðum rekstraraðila í Arnarfirðinum og slátrað var upp úr síðustu kvíunum í Hvestudal í mars sl. Hámarkslífmassi var í kvíunum í september 2023 eða um 3.970 tonn. Minnt er á að fyrir næstu útsetningu skal, skv. gr. 3.2 í starfsleyfi tilkynna það til eftirlitsaðila með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara og að þá liggja einnig fyrir skýrslur með niðurstöðum hvíldarvöktunar.

Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var skilað á tilsettum tíma en útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað og því einnig sett frávik þar um. Útstreymisbókhaldinu var skilað þann 4. október sl. og er frávikinu því lokað. Skýrslur vegna ársins 2022 bárust ekki fyrir tilsettan tímafrest, 1. maí ár hvert og eru því sett frávik þar um. Skýrslurnar bárust eftirlitsaðila þann 5. júlí 2023 og er frávikunum því lokað. Ársyfirliti hefur ekki verið skilað fyrir árið 2023 og er því frávik sett þar um og áfram er minnt á að útreikningar efnalosunar skv. gr. 3.4 í starfsleyfi þurfa að fylgja ársyfirlitinu. Ársyfirliti fyrir árið 2023 var skilað þann 4. október sl. og er frávikinu því lokað.

Hámarkssýnataka fór fram í Hvestudal í september 2023 á vegum Akvaplan Niva. Fengu flest svæðin 1 í einkunn „mjög gott“ en þó voru svæði undir sumum kvíunum sem náðu ekki þeirri einkunn og er rekstraraðili minntur á að fylgjast vel með þeim svæðum í næstu hvíldarsýnatöku.

Engar koparnætur hafa verið notaðar á svæðinu enda er ekki heimild fyrir því í starfsleyfi.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila. Allar áætlanir eru vistaðar í rafrænu kerfi rekstraraðila og eru aðgengilegar starfsmönnum þar. Minnt er á að uppfæra þarf áætlanirnar m.t.t. breytinga á verklagi, starfsmönnum og símanúmerum ef við á.

Vöktunaráætlun rekstraraðila þarf að uppfæra m.t.t. þeirra eldissvæða sem heimild er fyrir skv. starfsleyfi sem og m.t. t. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Í innsendri vöktunaráætlun er gert ráð fyrir staðsetningu við Trostafjörð en sú staðsetning er ekki tilgreind í starfsleyfinu. Ábending var sett fram þess efnis við síðasta eftirlit en uppfærð vöktunaráætlun hefur enn ekki borist eftirlitsaðila og er því sett frávik þar um. ASC vottun er í gildi til 9. maí 2025.

Allur úrgangur fer til móttökustöðvar Kubbs sem þjónustar svæðið við úrgangslosun. Skv. gr. 3.9 í starfsleyfi skal rekstraraðili útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna samkvæmt henni. Þessi áætlun hefur ekki verið gerð og er rekstraraðili minntur á að vinna hana og skila til eftirlitsaðila, er frávik sett þar um.

Ekki var farið út að kvíasvæðum þar sem enginn fiskur er á svæðinu og var það staðfest með upplýsingum úr gagnagátt Matvælastofnunar.

| Frávik frá | Lýsing á fráviki |
|-----------------------|--|
| Gr. 3.2 í starfsleyfi | Fyrsta útsetning á svæðið var í júlí 2022 en niðurstöður grunnsýnatöku bærust eftirlitsaðila ekki fyrr en í september 2022. Óheimilt er að setja út fisk án þess að upplýsingar um vöktun liggi fyrir. |
| Gr. 3.9 í starfsleyfi | Rekstraraðili skal útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna skv. henni. Ábending var sett fram í síðasta eftirliti um að áætlunina vanti. Áætlunin hefur enn ekki verið send til eftirlitsaðila. |
| Gr. 4.2 í starfsleyfi | Ársyfirlit fyrir árið 2022 barst ekki fyrr en 5. júlí 2023 en skila ber öllum skýrslum fyrir 1. maí ár hvert. Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist. |
| Gr. 4.2 í starfsleyfi | Ársyfirlit fyrir árið 2023 hefur enn ekki borist eftirlitsaðila en skiladagur þeirra var fyrir 1. maí sl. Ársyfirlit 2023 barst þann 4. október sl. og er frávikinu því lokað. |
| Gr. 4.3 í starfsleyfi | Grænt bókhald, fyrir árið 2022 barst ekki fyrr en 5. júlí 2023 en skila ber fyrir 1. maí ár hvert. Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist. |
| Gr. 4.3 í starfsleyfi | Útstreymisbókhald, fyrir árið 2022 barst ekki fyrr en 5. júlí 2023 en skila ber fyrir 1. maí ár hvert. Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist. |
| Gr. 4.3 í starfsleyfi | Útstreymisbókhald, fyrir árið 2023 hefur ekki borist eftirlitsaðila en skila ber öllum skýrslum fyrir 1. maí ár hvert. Útstreymisbókhald 2023 barst þann 4. október sl. og er frávikinu því lokað. |

Gr. 5.1 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal leggja fram vöktunaráætlun um vöktun helstu umhverfispáttanna í nágrenni kvíanna. Ábending var sett fram um að uppfæra þurfi vöktunaráætlun í síðasta eftirliti. Uppfærð vöktunaráætlun hefur enn ekki borist eftirlitsaðila.

Gr. 3.2 í starfsleyfi

Vöktunarskýrslur vegna hvíldarsýnataka fyrir útsetningu seyða, í kvíar við Hvestudal árið 2022 bárust eftirlitsaðila ekki fyrir en að lokinni útsetningu eða í september 2022, en þær þarf að senda inn til eftirlitsaðila að lágmarki tveimur vikum fyrir útsetningu. Frávíkinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram varðandi það að útreikningar á losun fosfórs þurfa að fylgja með í ársyfirliti.

ANNAÐ


Kynningar á gagnagrunni um mengaðan jarðveg, breyttu fyrirkomulagi um boðun eftirlits Umhverfisstofnunar og á innheimtu eftirlitsgjalda skv. nýrri gjaldskrá Umhverfisstofnunar voru sendar með fundarboðinu og var rekstraraðili beðinn um að kynna sér gögnin.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Reykjavík, 31.10.2024

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir